



CE merkingar á byggingarvörum ber að taka alvarlega

Reglugerð 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur hefur verið í gildi í tuttugu ár. Reglugerðinni er ætlað að tryggja rétta notkun á byggingarvörum sem vegna galla og eða rangrar notkunar geta valdið notendum mannvirkja heilsutjóni.

Til grundvallar vali á byggingarvörum sem falla undir þessar reglur eru sjö svonefndar grunnkröfur sem varða öryggi og heilsu okkar. Reglurnar fjalla um brunaþol og stöðugleika, varnir gegn eldsvoða, hollustuhætti, heilbrigði og umhverfi, öryggi við notkun og aðgengi, hávaðavarnir, orkusparnað og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Framleiðendur þurfa að fylgja tilteknum evrópskum stöðlum við framleiðslu á vörunni og fá staðfest að varan fullnægi kröfum sem gerðar eru um eiginleika. Að því loknu staðfestir framleiðandinn með útgáfu samræmisýfirlýsingar að varan sé framleidd í samræmi við viðeigandi staðal og þar með er hann kominn með heimild til að CE merkja vöruna.

Þar með geta iðnmeistarar og byggingarstjórar tryggt rétt val og notkun á vörunni með því að bera saman skjalfesta eiginleika hennar við þá eiginleika sem hönnuðir hafa fyrirskrifað eða eru tilgreindir í lögum og reglum.

Byggingarvara sem á að vera CE merkt en er það ekki má ekki vera á markaði né nota við íslenska mannvirkjagerð. Þegar um sérsníðaða byggingarvöru er að ræða sem ætti að vera CE merkt sem byggingarvara á markaði þarf framleiðandi að leita til NMÍ eða Mannvirkjastofnunar til að fá staðfestingu á eiginleikum.

Til lítils er að setja lög og reglur ef enginn er morgundagurinn

Í lok síðasta árs var bætt um betur þegar Alþingi staðfesti nýja evrópureglugerð um viðskipti með byggingarvörur (Regulation (EU) 305/2011) sem Lög 114/2014 um byggingarvörur. Þrátt fyrir langa sögu og endurnýjun lífdaga með setningu laganna eru á markaðnum mikið af byggingarvörum sem má ekki nota í íslenskar byggingar.

Það er til lítils að setja lög og reglur ef enginn ætlar að fara eftir þeim. Gluggar, hurðir, gler, einangrun og fylliefni í steypu er meðal þess sem á að vera CE merk. En hver er raunin? Eftir því sem ég best fæ séð eru nokkrir einangrunarframleiðendur sem uppfylla kröfur, tvo glerframleiðendur hef ég fundið, aðeins einn gluggaframleiðanda og líkast til eru einu steypuframleiðendurnir sem nota CE merk fylliefni að finna hér á suðvesturhorni landsins.

Gluggar hafa átt að vera CE merktir frá árinu 2010 en nú er árið 2015. Það er því eðlilegt að spyrja. Er ekki nægilegt eftirlit með þessum hlutum?

Óvirkur eftirlitsiðnaður

Jú eftirlitið er til staðar, iðnmeistarar, byggingarstjórar, byggingarfulltrúar og Mannvirkjastofnun eiga að tryggja eftirlit og eftirfylgni. Allir bregðast og á meðan situr eigandinn sem allir þessir aðilar eiga samkvæmt lögum að vernda, uppi með vafasama vöru sem hugsanlega kemur til með að valda honum heilsu- og fjárhagstjóni.



Að setja lög og reglur sem enginn ætlar að framfylgja er einungis til þess fallið að skapa óvirðingu og vandlætingu gagnvart reglum. Það er raunin í þessu tilfalli þar sem m.a. þeir sem eiga að framfylgja lögnum gantast með að CE merkið standi fyrir China export.

Óvissa um að öryggi og heilsa þeirra sem nota íslensk mannvirki er ekkert til að gantast með. Yfirvöldum ber að fylgja regluverkinu eftir og sjá til þess að lögskipaðir eftirlitsaðilar sinni hlutverki sínu.

Með tilkomu Mannvirkjastofnunar tók stofnunin við kyndlinum varðandi eftirlit með byggingarvörum á markaði frá Neytendastofu. Í kyndlinum var aðeins glóð sem Mannvirkjastofnun hefur ekki náð að blása lífi í. Einhverjir framleiðendur og innflytjendur kannast við að hafa fengið heimsókn frá aðilum á vegum MVS fyrir um það bil tveimur árum en síðan ekki söguna meir.

Nú þegar fjögur ár eru liðin frá setningu nýrra laga um mannvirki þar sem kveður er skýrt á um CE merkingar á byggingarvörum hlýtur að vera tímabært að MVS fylgi málinu eftir og sjái til þess að vörur sem vafi leikur á að fullnægi kröfum um öryggi og heilsu okkar samborgarana verði ekki notaðar í íslensk mannvirki.

Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar SI